

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
vegna efnistökusvæðis í Sandártungu.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. janúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 4. desember 2024.

Í breytingunni felst skilgreining á nýju efnistökusvæði E57 í Sandártungu í Þjórsárdal á um 4,2 ha svæði, innan friðlýsts svæðis vegna menningarlandsslags, með heimildum fyrir 200.000 m³ efnistöku. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL17) minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. janúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 28. janúar 2025